

Fundargerð 937. fundar

stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2023, sunnudaginn 12. nóvember kl. 12:30 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Heiða Björg Hilmisdóttir, Einar Brandsson, Einar Þorsteinsson, Freyr Antonsson, Guðmundur Ari Sigurjónsson, Hildur Björnsdóttir, Margrét Ólög A. Sanders, Nanný Arna Guðmundsdóttir, Rósa Guðbjartsdóttir, Walter Fannar Kristjánsson og Jón Björn Hákonarson.

Að auki sátu fundinn Arnar Þór Sævarsson framkvæmdastjóri og Valur Rafn Halldórsson sviðsstjóri, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Náttúruhamfarir í Grindavík - 2311012SA

Formaður og framkvæmdastjóri gerðu grein fyrir stöðu mála og hvað hefur gerst um helgina. Upplýsti formaður að sambandið hefði sent út tölvupóst á sveitarfélögin laugardaginn 11.nóvember þar sem óskað var eftir upplýsingum um hvort og þá hvað sveitarfélögin gætu gert til að aðstoða Grindvíkinga og almannavarnir.

Fulltrúar í stjórn ræddu málið og lögðu áherslu á að ríkið, almannavarnir og sveitarfélögin vinni náið saman í næstu skrefum.

Fundi var slitið kl. 13:00